



195. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí, sérstakur hátíðarfundur í tilefni af 100 ára afmæli Íþróttá- og Ólympíusambandsins, var haldinn í fundarsalnum Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 28. janúar 2012.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrússon, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.
Forföll: Helga H. Magnúsdóttir.

Gestir fundarins: Gísli Halldórsson Heiðursforseti ÍSí, Ellert B. Schram Heiðursforseti ÍSí, Patrick Hickey forseti EOC, Raffaele Pagnozzi framkvæmdastjóri EOC og Stefán Konráðsson fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍSí.

Fyrir fundinn var afhjúpaður í fundarsalnum Bárubúð, koparskjöldur til minningar um stofnun ÍSí í Bárubúð árið 1912. Skjöldurinn er gjöf frá Reykjavíkurborg og hélt Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi og formaður ÍTR stutta ræðu fyrir afhjúpun, í fjarveru borgarstjóra Jóns Gnarr. Eva fékk Heiðursforseta ÍSí, þá Gísla Halldórsson og Ellert B. Schram til að afhjúpa skjöldinn. Að þessari athöfn lokinni gengu fundarmenn til fundar.

Forseti setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Hann óskaði öllum innilega til hamingju með 100 ára afmælisdag sambandsins. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Afmælishátíð ÍSí

Forseti fór í gegnum dagskrá Afmælishátíðar ÍSí sem fram fer í Ráðhúsi Reykjavíkur og hefst kl. 15:30.

2. Heiðranir

Að viðhöfðu samráði við Heiðursráð ÍSí er gerð tillaga um að heiðra eftirtalda með Heiðurskrossi ÍSí fyrir langvarandi og góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar: Ara Bergmann Einarsson, Guðmund Kr. Jónsson, Hrafnhildi Guðmundsdóttur og Kolbein Pálsson.

Tillagan einróma samþykkt.

Heiðurskrossarnir verða afhentir í afmælishófinu.

3. Heiðurshöll ÍSí

Samþykkt hefur verið að setja á stofn Heiðurshöll ÍSí (Hall of Fame) með það að markmiði að skapa nýjan vettvang til að heiðra afreksíþróttafólk og afreksþjálfara landsins.

Framkvæmdastjórn ÍSí hefur samþykkt Reglugerð ÍSí um Heiðurshöll ÍSí og í samræmi við

Þá reglugerð er gerð tillaga um að útnefna Vilhjálmm Einarsson silfurverðlaunahafa í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956 sem fyrsta afreksíþróttamanninn í Heiðurshöll ÍSÍ.

Tillagan einróma samþykkt. Afhending viðurkenningarinnar fer fram í afmælishófinu.

4. Önnur mál.

Gestir fundarins ávörpuðu fundinn og fluttu heillaóskir.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari